Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

**Kennsluáætlun haustið 2019**

# Náttúrufræði 9. bekkur

Í náttúrufræði eru þrjár kennslustundir á viku í 9. bekk þar sem 8. og 9. bekk er kennt saman. Kennari er Gréta Björg Ólafsdóttir

## Vinnulag

Á haustönninni verðum við í einfaldri eðlisfræði, þar sem nemendur kynnast ýmsum hliðum eðlisfræðinnar með lifandi kennslu þar sem gerðar eru tilraunir, unnin einstaklings verkefni og hópaverkefni.  Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Rafmagn, hljóð, ljós, varmi og veður. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Líffræði

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Rafmagn** | Eðlisfræði 1<br>Perur – perustæði – vírar- votlmælar – amermælar og fleira til að skoða rafmagn á áþreifanlegan hátt. | **Nemandi getur ...**<br>• gert grein fyrir eðli rafmagns<br>• lýst og útskýrt hvernig orka getur breytt um mynd<br>• útskýrt einfaldar rafrásir og tengslum raf- og segulmagns | Ljósaverkefni<br>Könnun |
| **Hljóð** | Eðlisfræði 1<br>Tónkvísl<br>DB- mælir | **Nemandi getur ...**<br>• lýst bylgjuhreyfingum og rætt myndun hljóðs og nýtingu þess | Heimapróf |
| **Varmi og veður** | Eðlisfræði 1<br>Veðurkort | **Nemandi getur ...** | Könnun |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | • þekkt hvað varmaorka er og hvernig hún flyst á milli með varmaburði, varmageislun og varmaleiðni.<br>• þekkt hvernig eðlismassinn breytist þegar föst efni, vökvar og lofttegundir hitna.<br>• þekkt hvernig eðlismassinn breytist þegar föst efni, vökvar og lofttegundir hitna. | |
| **Ljós** | Eðlisfræði 1<br>Ljósakassinn | **Nemandi getur ...**<br>• lýst myndun og nýtingu ljóss í tækni og atvinnulífi.<br>• útskýrt myndun bylgna. | Könnun |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok. Matið fer fram með námsmatsverkefnum við lok hvers hluta ásamt símati á virkni nemanda í tímum og verklegum verkefnum.

Með ósk um gott gengi,

Gréta Björg Ólafsdóttir